

38. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 23.07 2012, kl. 16.00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar ásamt Birni Sveinssyni frá Verkís.

Dagskrá:

1. Fjallaskarð

- a) Framkvæmdir við skálabyggingu
- b) Samningur við verktaka , vatnslögn, girðing.

2. Önnur mál

1.

- a) Í ljós hefur komið að ein einingin sem setja átti upp er illa farin af rakaskemmdum og talin ónýtt. Mikill kostnaður er við að endurnýja eininguna og ekki góður kostur í stöðunni. Það kann að vera möguleiki á að fá einingu í stað þeirrar ónýtu og halda áfram með verkið eins og ákveðið hefur verið. Skoðaðar voru áætlaðar kostnaðartölur við nýbyggingu og líklegur aukakostnaður við að koma upp skálanum miðað við fyrri forsendur. Samþykkt að athuga með aðra einingu sem kæmi í stað þeirrar skemmdu, en komi í ljós að það gangi ekki upp verður skoðað að stöðva framkvæmdina og skoða málið í heild upp á nýtt.

Björn yfirgaf fundinn um kl. 17.30

Þorvarður vék af fundi vegna tengsla

- b) Samþykktur var samningur við Svein Ingimarsson um lagningu vatnsveitu, rif á girðingu og nýgirðing girðingarhólfs í Fjallaskarði. Oddvita falið að skrifa undir samninginn.

Þorvarður kom aftur til fundar

2.

Ræsi á miðheiði sem rætt var um á síðasta fundi að þyrfti að koma fyrir, er óþarfi. Það kom í ljós eftir að Jóhann og Einar Guðsteinsson skoðuðu aðstæður.

Fundargerð er rituð í tölvu og er 1 bls. Fundi slitið kl. 18.15

Þorvarður og Lárus rituðu fundargerð.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)